

Þriðjudaginn 26. maí 1953.

Nr. 9/1952.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Vopnafjarðar vegna Antoníusar Jónssonar**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vegagerð ríkisins

(Brynjólfur Ingólfsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Forgangsréttur. Vinnuveitandi dæmdur til greiðslu skaðabóta fyrir brot á forgangsréttarákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 27. nóv. f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Vopnafjarðar vegna Antoníusar Jónssonar gegn Vegagerð ríkisins.

Málsatvik eru þessi:

Samkvæmt 3. gr. samnings milli vegamálastjóra f. h. ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, um leigugjald fyrir vörubifreiðar við vega- og brúargerð, dags. 21. maí 1951, er svo um samið:

„Vegagerðin tekur ekki á leigu bifreiðar í eigu manna, sem ekki aka þeim sjálfir, meðan völ er á atvinnubílastjórum innan hvers félagssvæðis eða næsta nágrennis með hentugar bifreiðar að dómi verkstjóra og trúnaðarmanna viðkomandi félags.

Félagsbundnir atvinnubílastjórar í félagi innan Alþýðusambands Íslands hafi forgangsrétt til vinnu hjá vegagerðinni.“

Sumarið 1952 var bifreiðaakstri í vegavinnu í Vopnafirði svo háttað, að í júnímánuði voru notaðar 3 vörubifreiðar. Tvær þeirra voru eign bifreiðarstjóra þeirra, er óku þeim. Aðra þeirra, S 15, átti Antóníus Jónsson, sem flutzt hafði búferlum til Vopnafjarðar þá um vorið, en hina, S 58, átti Einar Jónsson, báðir þá búsettir í Vopnafirði.

Þriðja bifreiðin, S 48, var eign Kaupfélags Vopnfirðinga, og ók henni bifreiðarstjórinn Ágúst Sigurðsson, einnig búsettur á Vopnafirði. Allir voru þessir bifreiðarstjórar félagsmenn í Verkalýðsfélagi Vopnafjarðar.

Antóníus Jónsson vann í vegavinnunni til 7. júlí f. á., en var sagt upp frá þeim tíma og vann þar ekki dagana 7.—12. júlí að báðum dögum meðtöldum. Hinn 14. júlí byrjar hann aftur og vinnur þá til 20. júlí. Þá mun honum hafa verið sagt upp og vann hann ekki meira hjá Vegagerðinni s.l. sumar. Hinir tveir, þeir Einar og Ágúst, virðast hins vegar hafa verið í þjónustu Vegagerðarinnar þar til vinnu lauk.

Hinn 1. júlí f. á leigði Kaupfélag Vopnfirðinga Ágústi Sigurðssyni bifreiðina S 48 fyrir tiltekna leigufjárhæð. Skyldi leigutíminn vera frá 1. júlí til 15. sept. Tekið er fram í leigusamningnum, að ákveði kaupfélagið að selja bifreiðina, skuli Ágúst sitja fyrir um kaup á henni, og er svo um samið, að kaupin geti þá gilt frá 1. júlí f. á. Með afsali dags. 24. júlí f. á. selur Kaupfélagið Ágústi bifreiðina til fullrar eignar, og er svo kveðið á í afsalinu, að kaupin miðist við 1. júlí f. á. Mun leigusamningurinn samkvæmt því ekki hafa komið til framkvæmda að neinu leyti. Ekki var bifreiðin skrásett á nafn Ágústs fyrr en 15. september f. á.

Stefnandi telur, að það hafi verið andstætt forgangsréttarákvæði 3. gr. framangreinds samnings, að Ágúst var látinn halda vinnu en Antóníusi sagt upp, þar sem hann hafi sem atvinnubílstjóri átt forgangsrétt til vinnunnar um fram Ágúst, sem ekið hafi bifreið í eigu annars aðilja, og ekki orðið skrásettur eigandi hennar fyrr en 15. september f. á., en miða verði við skrásetningardag, er meta skal atvinnuréttindi samkvæmt nefndu samningsákvæði. Hefur stefnandi samkvæmt þessu gert þær dómkröfur í málinu, að Vegagerð ríkisins verði dæmt að greiða stefnanda vegna Antóníusar Jónssonar kr. 7196.00 eða aðra lægri fjárhæð í skaðabætur vegna brots á ákvæðum 3. gr. áður nefnds samnings. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að eignarhaldi Ágústs Sigurðssonar á bifreiðinni S 48 hafi verið svo farið, að hann hafi í raun og veru frá 1. júlí f. á. að telja átt sama rétt til vinnu hjá Vegagerð ríkisins samkvæmt 3. gr. greinds samnings og þeir bifreiðastjórar, sem aka eigin bifreiðum. Því enda þótt bifreiðin hafi ekki verið skráð á nafn Ágústs fyrr en 15. september, hafi hann fengið afsal fyrir henni þegar hinn 24. júlí, og samkvæmt því afsali hafi kaupin miðazt við 1. júlí f. á. Hafi verkstjóra vegagerðarinnar því verið frjálst frá þeim tíma, að taka í vinnu hvern sem var hinna þriggja bifreiðastjóra, er nefndir hafa verið. Hafi hann því í engu farið öðru vísi að en heimilt hafi verið samkvæmt 3. gr. samningsins og eigi stefnandi því engan rétt til bóta úr hendi sér.

Enda þótt eigendaskipti að bifreiðinni S 48 væru ekki tilkynnt til bifreiðaskrár fyrr en 15. september f. á., verður að telja, að Ágúst Sigurðsson hafi með afsalinu 24. júlí fengið rétt til bifreiðaaksturs samkv. 3. gr. samningsins til jafns við Antoníus og Einar. Var Vegagerðinni því rétt frá þeim degi, að velja til akstur við vegavinnu í Vopnafirði hvern þeirra þriggja bifreiðastjóra, sem um ræðir í máli þessu. Hinsvegar verður ekki talið, að afsalið 24. júlí geti komið Ágústi Sigurðssyni að haldi í þessu sambandi fyrir þann tíma, enda þótt kaup hans á bifreiðinni miðuðust við 1. júlí gagnvart seljanda hennar, Kaupfélagi Vopnafirðinga.

Af þessari niðurstöðu leiðir, að stefnandi þurfti ekki samkvæmt 3. gr. umrædds samnings að hlíta því, að Ágúst væri fyrir 24. júlí f. á tekinn í vinnu til aksturs með bifreiðina S 48, ef Antoníus Jónsson hafði ekki vinnu fyrir bifreið sína, S 15, þar sem slíkt var andstætt ákvæðum nefndrar greinar. Er stefndi skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, sem Antóníus hefur hlotið af þeirri ráðabreytni fyrirsvarsmanna stefnda.

Samkvæmt gögnum málsins, hefur Antoníus orðið að þoka fyrir Ágústi í 10 daga á tímabilinu frá og með 7.—

24. júlí f. á. Er ekki leitt í ljós, að hann hafi fengið aðra vinnu þá daga. Þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 118.80 á dag, eða alls kr. 1188.00. Vaxta hefur ekki verið krafizt og verða þeir því ekki dæmdir.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 600.00.

Dómsorð:

Stefndi, Vegagerð ríkisins, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Vopnafjarðar vegna Antóníusar Jónssonar, kr. 1188.00 og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. júlí 1953.

Nr. 2/1953. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félags Akureyrarkaupstaðar vegna Torfa Vil-
hjálmssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
**Bæjarstjóra Akureyrarkaupstaðar
f. h. kaupstaðarins**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

**Varadómari Benedikt Sigurjóns-
son í stað Ísleifs Árnasonar.**

Trúnaðarmenn, Vinnuveitandi ekki talinn brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938, þótt hann léti vinnumiðlun koma til framkvæmda gagnvart trúnaðarmanni.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnum dags. 7. maí og 3. júní þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar vegna Torfa Vilhjálmss-